



Um slysatryggingu lögreglu- og slökkviliðs í Reykjavík, Björn Björnsson 20. febrúar 1940

Bjarni Benediktsson – Um slysatryggingu lögreglu- og slökkviliðs í Reykjavík, Björn Björnsson 20. febrúar 1940

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

UM SLYSATRYGGINGU

LÖGREGLU- OG SLÖKKVILIÐS

I

REYKJAVÍK

I. SLYSABÓTAGREIÐSLUR BÆJARINS.

1. Slökkvilið.

- a) Krafa slökkviliðsins um slysatryggingu 1917.
- b) Slysatryggingarsjóður bæjarins stofnaður 1920.
- c) Tilboð um slysatryggingu.
- d) Samkomulag um slysabætur á milli slökkviliðs og borgarstjóra 1920.
- e) Krafa á bæjarsjóð um dánarætur samkvæmt samkomulagi frá 1920.

2. Verkamenn.

- a) Höfn.
- b) Bæjarsjóður.
- c) Rafmagnsveita.

3. Fastir starfsmenn aðallega löggregla.

- a) Nauðsynin á hagnýtingu skyldutryggingarinnar.
- b) Sjúkleikaforföll í löggreglunni.
- c) Skaðabótagreiðslur til löggreglubjóna.

II. KRÖFUR LÖGREGLU- OG SLÖKKVILIÐS UM AUKATHRYGGINNU 1939.

1. Erindi Slökkviliðs.

2. Erindi löggregluliðs.

3. Slysabætur og takmörkun á bótaskyldu.

4. Kostnaður við aukathryggingu slökkviliðs og löggreglu.

III. NIDURSTÖÐUR OG TILLÖGUR.

1. Réttur starfsmanna til aukathryggingu.

2. Frjáls slysatrygging fyrir löggreglu- og slökkvilið.

3. Samkomulagsatriði.

4. Hagnýting slysatryggingarinnar og aukabætur.

5. Tillögur.

I. SLYSABÖTAGREIDLUR BEJARINS.

1. Slökkviliðið.

a) Krafa slökkviliðsins um slysatryggingu 1917.

I ársbyrjun 1917 sendi hið fasta slökkvilið bejarins, aðalslökkviliðið (í því skyldu vera 36 menn samkvæmt reglugjörð um skipun slökkviliðs og brunamála í Reykjavíkurkaupstað frá 1913) bejarstjórn erindi, þar sem m.a. var farið fram á, að lítið yrði tryggt gegn slysum á kostnað bejarins. Skyldu slökkviliðsmenn, er biðu bana eða yrðu örkuðlamenn af slysum við slökkvistörf battir með 5 þúsund kr. Þeir skyldu enn fremur fá greidda alla leknishjálp vegna meiðsla, sem og kr. 4.00 á dag á meðan þeir kynnu að vera óvinnuferir. Töldu slökkviliðsmenn meðilegast, að barinn taki á sig áhættuna, taki sjálfur að sér trygginguna.

Brunamálanefnd samþykkti í apríl 1917 að leggja til við bejarstjórn að leitað yrði upplýsinga hjá slysatryggingarfélögum um kostnað við að tryggja slökkviliðið gegn slysum á þann hátt, er það óskaði eftir. Féllst bejarstjórn á að verða við þeim tilmálum. Varð þó allmikill örættur á frekari framkvæmdum.

Það var ekki fyr en að slökkviliðið hafði ítrekað málaleitun sína seint á árinu 1919, að skriður komust á málið. Raunar var hafist handa um stofnun slysatryggingasjóðs á árinu 1919, eðg var varið 2000.- kr. til þess í fjárhagsámlun bejarins fyrir það ár. Tilgangurinn með þeirri fjárveitingu man þó upphaflega hafa verið sá, að kaupa tryggingu handa slökkviliðinu.

b) Slysatryggingarsjóður bejarins stofnaður 1920.

Af athugasendum við fjárhagsámlunina fyrir 1920 má

sjá, að tilboð þau, er bárust í trygginguna hafa þótt ófullnagjandi eða óaðgengileg, og var því horfið að því ráði að stofna sérstakan slysatryggingarsjóð fyrir þeim. Veru stlaðar 4000.- kr. í því skyni árið 1920. Athugasemdirnar bera einnig með sér, að tilsttlunin var að tryggja verkamenn bajarins, auk slökkviliðsins, enda bendir hin háa fjárveiting það ár, ótvíratt í þá átt. Hins vegar eru löggreglubjónarnir ekki tilnefndir, enda voru þeir enn fáir (1920 = 12) og tók ekki að fjölga til verulegra muna fyr en alltöngu síðar. (Tala þeirra var 1921-22 = 13, 1923-29 = 15).

Framlagið til slysatryggingasjóðsins heist óbreytt fram til ársins 1925 (að því meðtöldu) - kr. 4000.00 á ári. Um leið og Slysatrygging ríkisins komst á, með lögum frá 27. júní 1925, sem gengu í gildi 1. jan. 1926, var framlagið til slysatryggingasjóðs bajarins lagt niður. Sjóðurinn var þó ávaxtaður áfram þangað til Eftirlaunasjóður Reykjavíkur var stofnaður 1930, og slysatryggingasjóðurinn var látinna renna inn í þann sjóð. Þignir slysatryggingasjóðsins voru þá orðnar rúmar 41 þús. kr., framlag bajarins 26 þús. kr. og vaxtatekjur 15. þús. kr.

c) Tilboð um slysatryggingu.

Borgarstjóri mun hafa leitað muninlegra tilboða í slysatryggingu slökkviliðsins, og verður því ekki séð, hvar eða hve viða hann hefir borið niður. Aðeins eitt skriflegt tilboð liggr fyrir, frá umboðsmanni "Nordisk Ulykkesforsikrings-Aktieselskab af 1898", Gunnari Egilssyni, dags. 15. maí 1920. Kostaði samkv. 10gjaldaskrá félagsins kr. 13.95 að tryggja einn mann árlangt fyrir 1000 kr. dénarbótum, 2000 kr. örorkubótum og 1 kr. dagpeningum, ef maður fatlaðist frá vinnum um tíma. Miðað við 10 þús. kr. dénarbastur, eins og slökkviliði virðist

nú hafa farið fram á, hefði trygging hvers manns kostað um 140.- kr. á ári, eða 5 þús. kr. fyrir 36 menn. Þess má geta, að dánarbetur skyldi því aðeins greiða, að hinn látni léti eftir sig "ekkju eða lifserfingja, eða náið sttfólk, sem hann hafði að verulegu leyti séð fyrir".

Síns og áður getur þótti þetta tilboð óaðgengilegt og var því ekki sinnt. Saman máli var að gegna um ónnur tilboð (munnlag), sem kunna að hafa borist. Þar af leiðandi var ekki annars úrkosta, ef tryggingin átti að komast á, en halda áfram við stofnun slysatryggingasjóðs bjararins, eins og gert var ráð fyrir í fjárhagaátluninni fyrir árið 1920.

d) Sankomulag um slysabetur á milli slökkviliðs og borgarstjóra 1920.

Þó að slysatryggingasjóðurinn væri stofnaður, var eftir fyrir slökkviliðið að komast að endanlegu sankomulagi um slysabeturnar. I sambandi við fráfall Þorsteins Þorvarðssonar, slökkviliðsmanns, er lést af slysum 1934, upplýstist, að sankomulag hafði náðst um það atriði á milli fulltrúa slökkviliðsins og borgarstjóra á árinu 1919 eða 1920. Af öðrum gögnum má ráða, að það hafi verið á árinu 1920. Varð sankomulag um að dánarbeturnar skyldu vera 10 þús. kr., en dagpeningar til manna er yrðu óvinnuferir um tíma kr. 15.- á dag. Órorkubastur skyldu vera sem svipaðastar því er tilkefist hjá slysatryggingafelögum. (Þetta síðasta atriði er ekki tekið upp í vettorð það, sem um getur hér á eftir, en er samskvæmt munnlegum upplýsingum frá slökkviliðastjóra).

Frá 1920 er kyrt um tryggingarmálið. Ná af því ráða, að það hafi þótt til lykta leitt. Þegar almenn slysatrygging var lögleidd hætti berinn að leggja fé til slysatryggingasjóðsins, enda var hann tekinn til annara þarfa í þágu starfsmanna

bjarins fjórum árum síðar. Bendir þetta hvorutveggja til þess, að bjarstjórn hafi litið svo á, að hlutverki hans var lokið um leið og slysatryggingin komst á, og þar ástaður, er leiddu til stofnunar hans varu ekki lengur fyrir hendi. Þennum bari ekki að sjá slökkviliðinu, fremur en öðrum starfsmönnum, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt slysatryggingalögum, fyrir hærri bótum en þau lög gerðu ráð fyrir.

Slökkviliðið mun engum andmælum hafa hreyft þegar slysatryggingasjóður bjarins var lagður niður. Raunar var slökkviliðið ekki að spurt, eins og eðlilegt er frá sjónarmiði bjarstjórnar, ef því er rétt lýst hér að framan. Hinsvegar hlýtur slökkviliðinu að hafa verið kunnugt um að sjóðurinn var lagður niður.

e) Krafa á bjarasjóðum um dánarbætur samkv. samkomulagi frá 1920.

Árið 1934, þ. 29. ág., lést einn slökkviliðsmanna, Þorsteinn Þorvarðsson, við bílalyss nálagt Gasstöðinni, er slökkviliðið var kvatt á vettvang vegna eldsvoða, er það taldi vera í Austurbænum, en reyndist að vera í Dingholtsastræti. Lét hann eftir sig konu og þrjú börn í ómegð.

Bróðir Þorsteins, Jón að nafni, fór fram á það við bajarráð, með bréfi dags. 4. okt. '34, að ekkju Þorsteins yrðu greiddar 10 þús. kr. í dánarbætur eftir mann hennar, og vitnaði í samkomulag það um slysatryggingu slökkviliðsins frá 1920, sem áður var nefnt. Lét hann vettorð fylgja bréfinu, undirrituðu af fulltrúum slökkviliðsins, sem staðið höfðu að samkomulags-umleitunum fyrir þess hönd. Taldi Jón og "að bjarasjóður hafi með því að greiða slysabætur til Hjörleifs Þórðarsonar, er á sínum tíma var í slökkviliðinu, umsamdar kr. 15.00 per dag, er hann brenndist á hendí við slökkvistarf, sannað greiðsluskyldu sína á fullum bótum fyrir Þorstein sál. Þorvarðsson".

Hjörleifur Þórðarson hlaut meiðali í brunanum á Skólavörðustíg 45, gamlárskvöld 1926. Upphaflega bar slysatryggingunni ekki að greiða dagpeninga (þar i innifalinn sjúkrakostnaður) vegna slysa fyr en eftir 4 vikur, - kr. 5.00 á dag, og aldrei meir en 3/4 af dagkaupi manna eða tekjum. Hjörleifur fékk greiddar úr bajarsjóði kr. 240.00 þ. 27. jan. 1927. Miðað við 15.- kr. á dag, hefir hann fengið greidda dagpeninga í rúman hálfan mánuð. Má því atla, að hann hafi verið orðinn vinnufer eftir þann tíma, og gat hann þar af leiðandi ekki átt kröfu á slysatrygginguna.

Slysatryggingunni bar að greiða í dánarbætur eftir Þorstein Þorvarðsson 4800.- kr., 3000 kr. til ekkjunnar og 600 kr. vegna hvers barns. Þejarráð samþykkti á fundi 12. okt. 1934 að leggja til við bajarstjórn, að ekkjuni yrði greiddar úr bajarsjóði dánarbætur að upphöld kr. 5.200.00 til við-bótar 4800.- kr. frá slysatryggingunni. Samþykkti bajarstjórn þá ályktun þejarráðs með samhljóða atkvæðum á fundi sinum 15. nóv. þ.á., og féllat þar með á kröfu Jóns Þorvarðssonar. - Má jafnvel af því réða, að bajarstjórn hafi þá litið svo á, að samkomulagið á milli fulltrúa slökkviliðsins og borgarstjóra frá 1920 beri að skoða sem bindandi samning, þrátt fyrir að hin almenna slysatrygging hafði verið lögleidd.

Það er rétt að vekja athygli á því í þessu sambandi, að verðlagahækjunin frá 1917 til 1920 (visitala framfærslukostnaðar var 248 í okt. 1917 en 446 í okt. 1920) hefir óefnað átt mikinn þátt í því, að samkomulag varð um meira en tvöfalt hærri slysbætur til handa slökkviliðinu á árinu 1920, en það fór fram á árið 1917. Árið 1934 þegar slysbætur svo voru greiddar samkvæmt þessu samkomulagi, eða með hliðsjón af því, var framfærslukostnaðurinn aftur orðinn nokkru lægri en hann hafði verið á

árinu 1917. Visitalan var 228 í okt. 1934. Árið 1934 voru 5 pús. kr. því álika mikils virði til framferis og 10 pús. kr. á árinu 1920. Þess má og vanta, að ef Slysatrygging ríkisins hefði verið lögleidd á árinu 1920 í staðinn fyrir á árinu 1926 hefðu slysaksturnar verið ákveðnar hærri en raun varð á.

2. Verkamenn.

Slysabstur hafa ekki verið greiddar úr þajarsjóði vegna slökkviliðsmanna nema í þau tvö skipti, sem um hefir verið rætt hér að framan, síðan 1926. Hinsvegar hefir berinn greitt slysabstur vegna annara starfsmanna, þaði fyrir og eftir að Slysatrygging ríkisins tók til starfa.

a) Höfn.

Hjá Höfninni mun þeirri reglu hafa verið fylgt, að hafnarjóður greiddi þeim mönnum, er slasast hafa við vinnu, kaup þeirra áfram, sem og lakniskostnað, en innheimti aftur hjá slysatryggingunni það, sem henni hefir borið að greiða. Örorkuburstur, ef um þær hefir verið að ræða, hafa þó eðlilega gengið til mannanna sjálfrar. Ástvaldur Magnússon, er missti báðar fastur við uppfyllingu austur-hafnarbakkans um 1920, hefir haft fastan ménéðarlegan styrk, ásamt dýrtíðaruppbót, sem nemur nú samtals 168.- kr. á mánuði.

b) Þajarsjóður.

Hjá þajarsjóði hefir sú regla skapast í seinni tíð, að daglaunamönnum, sem orðið hafa fyrir meiðslum af slysum, hefir verið goldið kaup í eina viku, og er það með hliðsjón af og í samræmi við nágildandi slysatryggingalög. Samkvæmt II. kafla alþýðutryggingalaganna 10. gr. greiðir slysatryggingin aldrei dagpeninga "fyrir fyrstu 7 dagana eftir að hinn alasaði

varð óvinnuður. Frá þeim tíma greiðast dagpeningar, nema hinn tryggði haldi kaupi, sem er að minnsta kosti jafnhátt dagpeningunum, og hefjast dagpeningagreiðslur þá jafnskjótt og kaupgreiðsla fellur niður".

Bajarsjóður greiðir yfirleitt ekki sjúkrakostnað til starfsmanna vegna slysa. Með alþýðutryggingalögnum, sem gengu í gildi 1. apríl 1936 varð sú breyting á ákveðunum um greiðslu sjúkrakostnaðar frá slysatryggingunni, að nú skyldi sjúkrakostnaður (lmknishjálp, sjúkrahúsvist og 2/3 hlut lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss) greiðast frá því að slysið vildi til, ef það veldur sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga. Samkvæmt slysatryggingalögnum frá 8/9-1931 bar tryggingunni ekki að greiða sjúkrakostnað fyr en eftir 10 daga og eftir eldri lögum ekki fyr en eftir fjórar vikur eða 28 daga. Fram að þeim tíma fékkst ekkert greitt af sjúkrakostnaði þótt sjúkleikinn varaði lengur.

A árinu 1932 greiddi bajarsjóður Óskari Ólafssyni, verkamanni, er slasast hafði í dýrtiðarvinnunni 26. nóv. 1932 kr. 42.50 vegna sjúkrahjálpar. Var það réttur helmingur þess sjúkrakostnaðar, er Ólafur hafði greitt. Hinn hlutann hafði slysatryggingin goldið, og samsvaraði hann þeim kostnaði er var áfallinn eftir að 10 dagar voru liðnir frá því, að meðurinn slasaðist.- Bajarverkfremþingur hafði lagt til að þessi reikningur yrði greiddur í þetta sinn, en bjarráð hlutaðist til um, að ákveðunum um greiðsluskyldu slysatryggingarinnar á sjúkrakostnaði yrði breytt.- Fleiri tilfelli um greiðslur sjúkrakostnaðar til verkamanna er ekki að finna í plöggum bajarsjóðs um þetta efni.

c) Rafmagnsveita.

Hjá Rafmagnsveitunni hefir svipaðri reglu verið fylgt

og hjá bajarjóði um greiðslu á kaupi til manna, sem fatlast hafa frá vegna meiðsla. Þeir hafa haldið kaupinu þangað til dagpeningagreiðslurnar frá tryggingunni byrja. Sjúkrakostnað, sem hlotist hefir af slysum og slysatryggingunni ber ekki að borga (t.d. valdi meiðali sjúkleika og vinnutjóni skemur en 10 daga, samkv. nágildandi lögum), hefir Rafmagnsveitan yfirleitt greitt.

Bá hefir Rafmagnsveitan og greitt dánarbetur í þau tvö skipti, að verkamenn hafa beðið bana af slysförum við störf í þágu hennar, beði fyrir og eftir að slysatryggingin komst a, eða á árinu 1921 og 1935.

Haustið 1921 lést Einar Stefánsson, er hann var að vinnu við lágpennukerfi bajarins. Lét hann eftir sig konu og tvö börn. Veru ekkjunni greiddar 6 þús. kr. til þess m.a. að hún geti haldið húsi, er Einar hafði nýlega byggt við Nönnugötu.

Verið 1935 (þ. 23. maí) beið Gissur Grímsson, verkaður bana af slysförum við Segsvirkjunina. Var farið fram á 15 þús. kr. dánarbetur fyrir hann. Hafði Eggert P. Briem forgöngu í málinu. Rökstuddi hann kröfу sína með því, að Gissur, sem var 57 ára að aldri, mundi hafa getað starfað enn í fimm ár eða til 62 ára aldurs, og unnið fyrir 15 þús. kr., reiknað með þrjú þús. kr. árlaunum.

Rafmagnsstjóri fékk erindi E. P. Briem til umsagnar, og lagði til að ekkjunni, sem hafði fyrir þrem börnum innan fermingaraldurs að sjá, og bar að fá frá slysatryggingunni kr. 4800.00, yrðu greiddar 6 þús. kr. til viðbótar. Taldi hann það í samræmi við áður gefið fordami, þ.e. á árinu 1921.

Raunar geta þessi demí ekki talist fyllilega hliðsteð, þar sem bætur voru greiddar annarstaðar frá í öðru tilfelli (úr slysatryggingunni 1935) en hinu ekki. Sé tillit tekið til

verðlagsbreytinganna á tímabilinu, verður samanburðurinn enn óhagstæðari. Óhett mun hinsvegar að fullyrða, að afgreiðsla dánarbótakröfunnar vegna fráfalls slökkviliðsmannsins árið 1934 hafi haft áhrif á afdrif þessa máls Rafmagnsveitunnar. Þaujarstjórn samþykkti á fundi 17. okt. 1935, að greiða ekkju Gissurar Grimssonar kr. 6000.00, er farðust á óviss gjöld Sogsvirkjunarnar.

3. Fastir starfsmenn aðallega löggregla.

Slysabetur þær, er að framan hafa verið ruddar og
þærinn hefir greitt umfram það, er honum hefir borið skylda til,
eru aðallega vegna daglaunamanna. Með fóstu starfsmennina
horfir málíð nokkuð öruruvisi við. Þeir halda kaupi sínu, þótt
þeir fatlist frá störfum um tíma.

a) Nauðsynin á hagnýtingu skyldutryggingarinnar.

Rétt er að geta þess strax, að það ákvæði laganna, að slysatryggingunni beri ekki að greiða dagpeninga vegna manna, er fá greitt kaup, virðist ákaflega óeðlilegt. Dagpeningarnir eru að ganga til vinnuveitandans, sem kostar trygginguna, en nýtur ekki starfeskrafa hins tryggða, vegna bótaskylda slyss. I framburðinni hefir heldur ekki þótt fari að fylgja þessu ákvæði, og dagpeningagreiðslur látnar hefjast eftir 14 daga.

Það verður að teljast aukakostnaður fyrir vinnuveitandann að greiða starfsmanni laun, án þess að geta farið sér í nyt starfakrafta hans, enda þótt vinnuveitandinn hafi ekki annan beinan kostnað af fjarveru starfsmannsins.

b) Sjúkleikaforföll í lögreglunni.

Hjá lögregluliði þeirins eru allmögum dæmi þess a
síðustu árum, að lögreglubjónar hafa verið fjarverandi um lengri
eða skemmti tíma vegna sjúkleika, sem stafar af meiðslum er þeir

hafa hlotið í starfi sínú, stundum mörgum árum áður en sjúkleikinn kemur fram. Þá hefir bajarsjóður og haft nokkur bein útgjöld vegna slikra sjúkdómsforfalla.

I uppbotinu 9. nóv. 1932 slösuðust 19 lögreglubjónar meira og minna. Ímeirr þeirra lágu mánuðum saman, einn samfleytt í ca. 8 mánuði (Sigtryggur Eiríksson). Fyrir einhverja handvönum, hverjum sem þar er aðallega um að kenna, voru þessi slys ekki tilkynnt slysatryggingunni. Berinn hefir því orðið að bera sjálfur allt það vinnutjón, sem hlotist hefir af þessum slysum, sem og töluverðan beinan sjúkrakostnað.

Bótakröfur bajarins á hendur slysatryggingunni eru nú sjálfsagt fyrntar með öllu, nema lengt varí að komast að sérstöku samskomulagi við trygginguna. Sama er að segja um örorkuburstur til handa þeirra lögreglubjóna, er nú hafa látið af störfum vegna afleiðinga af slysunum.

Bajarsjóður greiðir nú árlega um 2000.- kr. til slysatryggingarinnar vegna löggmslu, og undanfarin 6 ár nema greiðslurnar nærfellt 10 þús. kr. Þeð mun erfitt að gera sér fyllilega grein fyrir þeim kostnaði, beinum og óbeinum, sem berinn hefir orðið fyrir vegna slysafara í lögreglunni eða hvaða kröfur hann hefir átt á slysatrygginguna. Veikindaþarföllum lögreglubjónanna hefir ekki verið haldið saman og heildaryfirlit er heldur ekki fyrir hendi um hin beinu útgjöld bajarsjóðs.

Fyrir utan hin löngu sjúkdómsþarföll ýmsra lögreglubjóna eftir 9. nóvember 1932 má nefna sem dæmi, að einum þeirra var veitt fri frá störfum um hails árs skeið 1938 með fullum launum (Geir F. Sigurðss.). Yfirlögreglubj. Erlingur Pálsen lá á sama ári tvo mánuði vegna meiðsla frá 9. nóv., en hafði þó ekki kennt sér svo mikils meins, að hann þyrfti að liggja áður. Sigurður Gíslason lá alllengi á síðastliðnu hausti vegna meiðsla,

er hann hafði hlotið á árinu 1921 (Olafs Friðrikssonar mális) og þannig metti lengi telja.

c) Skaðabótagrísislur til lögregluþjóna.

A árinu 1936 greiddi bájarsjóður Samundi Gíslasyni 600 kr. upp í lakniskostnað vegna ýmsra meiðsla m.a. frá 9. nóv. Hafði hann farið fram á 1000 kr. skaðabatur. Nú hefir verið samþykkt að greiða þeim tveim lögregluþjónum, er láta af störfum vegna vanheilsu samtals 5200 kr. í skaðabatur, auk fullra eftirlauna. Ekkja Geirs Sigurðssonar hefir fengið full eftirlaun eftir mann sinn, o.s.frv.

II. Kröfur lögreglu og slökkviliðs um aukatryggingu 1939.

Aður en ég kem að því að gera grein fyrir tillögum þeim, sem ég hefi fram að fara út af erindi slökkviliðs- og lögreglumannna, er háttvirt bájarráð lagði fyrir mig til umsagnar, vil ég fara nokkrum orðum um erindin sjálf.

1. Erindi Slökkviliðs.

I erindi slökkviliðsins frá 18. des. f.á., er óskað eftir "samvinnu" við bájarráð um að koma á aukatrygging fyrir slökkviliðið. Er vitnað í samkomulagið á milli fulltrúa slökkviliðsins og borgarstjóra frá 1920 um tryggingarmálin. Kemur sú skoðun greinilega fram, að þau mál hafi ekki verið leyst með slysatryggingalögnum, og askilegt veri að ráða þeim nú til lykta á formlegan hátt, þar sem orkað geti tvímislis, að hið munnlega samkomulag frá 1920, sé bindandi fyrir þeinn. Hins vegar eru engar ákveðnar kröfur gerðar, né tilboð lagt fram.

I viðtali, er ég átti við férmann félags slökkviliðsmanna um nýjárið, fór ég fram á að slökkviliðið gerði nánari grein fyrir óskum sínum í málinu og tilboði því, er þeir styddust

við. Mikill óráttur var á svari. Barst það mér ekki í hendur fyr en 5. þ.m. Ná vera að nokkru hafi valdið þar um, að formannsskipti urðu í félagi slökkviliðsmanna í janúar. Þeg last petta erindi fylgja hér með.

Eins og erindið ber með sér, er tilboðið, sem fyrir lá, næsta óljóst og ófullkomið. Það sýnir og að slökkviliðið hefir ekki verið búið að gera sér fyllilega grein fyrir hváða óskir um viðbótar-tryggingu það skyldi setja fram. Virðist hafa verið gengið út frá 7000.- kr. örorku- og dánarbótum. Miðað við að allt slökkviliðið væri tryggt á þann hátt, mundi árlegt iðgjald af hverjum manni nema kr. 17.92. Af tilboðinu verður ekki séð hvort átt er við hið svonefnda aðallið eingöngu, eða varðmennirnir skuli taldir með, en iðgjaldið er mismunandi fyrir þessa two flokka manna, eins og sýnt verður fram á hér á eftir.

I síðara erindi sínu fara slökkviliðsmennirnir fram á meir en tvöfalt herri bestur, eða heildartryggingu er nemi 20 þús. kr. í örorku og 15 þús. kr. í dánarbótum. Þessum óskum fylgir ekkert tilboð um kostnað við trygginguna. Leitaði ég því beint til Tryggingarstofnunar ríkisins og fékk ákveðið tilboð um aukatryggingu á slökkviliðinu, sem ég styðst við og last fylgja hér með. Vegna þess hve mikil ber á milli í óskum slökkviliðsins og hve óákveðnar þar eru mun ég ganga út frá sömu tryggingu fyrir það og lögregluliðið.

2. Erindi lögregluliðs.

Óskir lögreglunnar eru hinsvegar skýrt afmarkaðar, ef miða má við tilboð það, sem hún hefir aflað sér frá Tryggingarstofnun ríkisins, dags. 23. des. f.á. Þar er gengið út frá aukatryggingu, er nemi 6 þús. kr. við dauðsfall og 14 þús. kr. við algjörða örorku, sem mundi nokkurn veginn samsvara 10 þús.

kr. dánarbótum og 20 þús. kr. fullum örorkubótum, þegar hinni lögboðnu tryggingu er bætt við. I skyldutryggingunni eru örorkubeturnar 14 þús. kr., dánarbetur til ekkju 3000.- kr., og vegna hvers barns innan 16 ára aldurs 100.- kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.

3. Slysabstur og tekmörkun á bótaskylðu.

Dánarbeturnar í hinni lögboðnu og frjálsu tryggingu eru að því leyti ólíkar, að í frjálsu tryggingunni eru þær ákveðin upphæð án tillits til tölu framfaröra, og greiðast í öllum tilfellum. I lögboðnu tryggingunni fara dánarbeturnar eftir tölu erfingja, sem hinn látni hefur haft á framferi sínú, og greiðast ekki, ef engir slikir erfingjar eru fyrir hendi.

Örorkubeturnar eru einnig nokkuð mismunandi. I lögboðnu tryggingunni greiðast örorkuburstur því aðeins að skerðing starfsorkunnar nemi minnst 1/5 hluta eða 20%, en í frjálsu tryggingunni við 1/10 eða 10% orkumissir.

Örorkubeturnar eru mjög háðar matinu á skerðing starfsorkunnar, og lskka frá hámarkinu ört í hlutfalli við það. Fyrir sliku mati er eðlilega erfitt að finna réttan og sanngjarnan melikvarða. Þegar ekki er um að raða missir líma eða tap á sjón og heyrn, heldur heilsutjón af einhverju tagi verður að fara fram með i hvert sinn, sem engar fastar reglur, er hinum tryggða varu kunnar, geta gilt um. Matið framkvæmir tryggingarlæknir.

Tafla sú er tilfærð er í reglugerð um frjálsar tryggingar og hafa á hliðsjón af við ákvörðun orkumissisins (en ner eingöngu til lemstrana og sjónar- og heyrnartaps), virðist meir í vil tryggjandanum, en hinum tryggða. Full örorkuskerðing (100%) telst: 1. missir beggja handa eða handleggja, 2. beggja

ganglima, 3. handar eða handleggss og ganglims og 4. sjónar á báðum augum. Hinsvegar telst missir hægri handar aðeins 50%, missir vinstri handar eða annars fótar 40%, heyrnar á báðum eyrum 50%, sjónar á öðru auga 20%, heyrnar á öðru eyra 10% orkumissir e.s.frv. Fullar örorkubastur greiðast m.ö.o. ekki nema um stórkostlega lemstrun sé að ruða eða samsvarandi heilsutjón (má raunar vanta að ioggjöldin séu sniðin með hliðsjón af því). Aftur á móti er enga tryggingu hegt að fá í hinni frjálsu slysatryggingu nema örorkutryggingin sé tekin með.

I reglugerð um frjálsar tryggingar (3. gr.) er gert ráð fyrir ýmsum takmörkunum á bótaskyldunni. Tryggingin greiðir m.a. ekki bestur fyrir slys, sem stafa af "uppreisnum". Orðið uppreisn er næsta óákveðið, og varí því ef til vill hegt að heimfara undir sama hugtak upphöt og óspektir af ýmsu tagi.

Auka-trygging löggreglunnar að minnsta kosti, hlýtur óhjákvamilega að hafa fyrst og framst það markmið, að tryggja löggregluþjónana gegn slysum af óvanalegu tagi, óvantum atburðum. Slysfarir í stórum stíl geta varla átt sér stað undir öðrum kringumstæðum. Þyrfti slökkvilið einnig að starfa í tilefni af slíkum atburðum eða samfara þeim, bestist nýtt ahettuatriði inn í starf þess, sem eykur slysaheftuna.

Takmörkun á bótaskyldunni, sem að ofan getur, má því ekki ná til slysatryggingu löggreglu- og slökkviliðs, ef tryggingin á að ná tilgangi sínum. Eg bendi löggreglustjóra og Tryggingarstofnun ríkisins á þetta ákvæði reglugerðarinnar, sem útilokaði að hegt varí að taka tilboðunum fyrirvara laust. Samkvæmt beiðni löggreglunnar hefir Tryggingarstofnunin gefið skriflega yfirlýsingu dags. 5. þ.m. um það, að öll slys, sem lögreglumenn hljóta í starfi sínu, skuli bótaskyld að fullu. Það sama á að gilda um störf slökkviliðs, og getur umrætt ákvæði

reglugerðarinnar því ekki valdið ágreiningi um bótaskylðu tryggingarinnar.

Reglugerð um frjálsar slysatryggingar (4. gr.) kveður svo á, að slys er hljótað af íþróttaiökunum ýmiskenar skuli ekki vera bótaskyld. Þins og kunnugt er verður lögreglan að hafa um hönd ýmsar erfðar sfingar, sem auðveldilega geta hlotist slys af, sumpart til almennrar líkamsþjálfunar, sumpart sem beinan undirbúning undir starfið. Munu kröfurnar um það heldur fara vaxandi. Slökkviliðið iðkar einnig íþróttir.

Eg snéri mér til Tryggingarstofnunar ríkisins og spurðist fyrir um, hvort þessar áhættur mættu skoðast innifaldar í tryggingunni. Svarið var, að Tryggingarstofnunin hefði ekki heimild til þess vegna endurtryggjendanna, en væri reiðubúin að taka þar með fyrir smávagilegt sukaiðgjald. Fylgir með tilboð um þetta atriði frá tryggingarstofnuninni, dags. 19. þ.m.

4. Kostnaður við aukatryggingu slökkviliðs og lögreglu.

Kostnaðurinn við að tryggja lögreglu- og slökkvilið á þann hátt sem gert er ráð fyrir í meðfylgjandi tilboðum og miðað við núverandi tölu væri sem hér segir:

(Dánarbetur 6 þús. kr., örorkubastur 14 þús. kr.)

Lögreglan:	Dauðsfall	Örorka	Samtals	
50 götulöggreglubjónar	kr. 645.00	1505.00	2150.00	
10 löggreglubj. við skrifst. st.	" 96.00	224.00	320.00	
	Samtals	kr. 741.00	1729.00	2470.00
	+ 25%	" 185.25	432.25	617.50
	Netto	kr. 555.75	1296.75	1852.50

Ventanlega myndi ríkissjóður greiða 1/6 iðgjaldsins eins og annan kostnað við lögregluna, og væru útgjöld bajarsjóðs því kr. 1543.75 á ári, miðað við núverandi tölu, eða kr. 25.73

á hvern lögreglubjón, en án tillits til ríkisfremlagasins kr.

30.87. Við frekari fjölgun lögreglubjóna hækka útgjöldin nokkurnvegin hlutfallslega, sbr. þó hið mismunandi iðgjald fyrir götu- og skrifstofulögreglu.

<u>S l ö k k v i l i ö s i ö :</u>	Dauðsfall	Örorka	Samtals
2 slökkviliðsstjórar	kr. 22.80	53.20	76.00
10 varðmenn	" 162.00	378.00	540.00
40 slökkviliðsmenn	" 384.00	896.00	1280.00
	Samtals kr. 568.80	1327.20	1896.00
	+ 25% " 142.20	331.80	474.00
	Netto kr. 426.60	995.40	1422.00

Heildar-kostnaður við þessa tryggingu slökkviliðsins veri rúmer 1400 kr., en samanlagður kostnaður við tryggingu slökkviliðs og lögreglu (að fráðregnum 1/6 kostnaðarins hjá lögreglu) tapar kr. 3000.00, miðað við núverandi liðsmannatölu. Hjá slökkviliðinu þarf sennilega ekki að búast við neinni starfsmannafjölgun fyret um sinn.

Viðbótar-iðgjöld vegna áhættu af æfingum eru þessi:

	Dauðsfall	Örorka	Samtals
Lögreglubjónar 60	kr. 36.00	126.00	162.00
+ 25% " 9.00		31.50	40.50
Samtals kr. 27.00		94.50	121.50
Slökkviliðsmenn 50 ...	kr. 15.00	35.00	50.00
+ 25% " 3.75		8.75	12.50
Samtals kr. 11.25		26.25	37.50

Viðbótariðgjald fyrir áhættu af íþróttaiðkunum lögreglu og slökkviliðs veri því samtals um kr. 150.00 á ári.

III. NIDUNSTÓÐUR OG TILLÁGOR.

Þá er að því komið að athuga:

1. hvort bera eigi að verða við óskum löggreglu- og slökkviliðs um aukna tryggingu gegn örorku og dauðeföllum, sem hljótast kunna af slysum í skyldustörfum þessara manna og
2. hvort taka skuli þeim tilboðum um trygginguna er fyrir liggja eða hvort fara eigi aðrar leiðir, t.d. að bajarþóður taki á sig áhættuna.

1. Réttur starfsmanna til aukatryggingu.

Þegar svara á fyrri spurningunni kemur m.a. til ólita hvort veita eigi þessum starfsmannaflokum einum slik hlunnindi, hvað mali með því, hvort það sé réttlæstanlegt gagnvart öðrum starfsmönnum bajarins, og þá fyrst og fremst þeim, sem skylda er að tryggja gegn slysum.

Störfum slökkviliðs og löggreglu er öðruvísi háttar en annara starfsmanna bajarins. Störf þessara manna útheimta að þeir séu reiðubúinir, hvener sem þörf krefur og skyldan býður, að leggja sig í yfirvofandi, augljósa hettu fyrir meðborgarana, án þess, ef svo má að orði komast, að taka tillit til lífs eins eða líma. Það er því ekki nema ólilegt sanngírnis mál, að hið opinbera sjái þeim fyrir sem fyllstri tryggingu gegn lífe- og heilsutjóni í starfinu. Auk þess getur það verið beint hagsmunamál fyrir heildina. Starfsmennirnir verði fúsari að leggja sig í óvenjulegar hettur, sem starfinu eru samfara, þegar mikil að reynir, ef þeir eru þannig tryggðir. Áð siðustu getur auka-tryggingin orðið fjárhagslegt hagsmunamál fyrir þáinn, ef veruleg óhöpp vilja til samfara störfunum.

Núgildandi slysatrygging er ófullkomin eða bæturnar ófullmegjandi. Bajarfélagið hefir hinsvegar almenna framfarað skylðu gagnvart borgurunum. Sú skylda er, siðferðilega sér,

þyngri á metunum, þegar í hlut eiga starfsmenn, sem hlotið hafa varanlegt heilsutjón eða jafnvel lifstjón í þágu bajarfélagsins. Auka-trygging til handa slökkviliði og lögreglu ætti að minnka áhættuna af þeim framferslukestnaði, eða jafnvel koma í veg fyrir, að berinn þyrfti að hlaupa undir bagga með viðbótarhjálpi við skyldutryggingu og eftirlaunatryggingu til þessara starfsmannaflokka.

2. Frjáls slysatrygging fyrir lögreglu- og slökkvilið.

Hér að framan hefir verið sýnt, að ýmsar mikilvagnar ásteður mala með því, að slökkviliði og lögreglu sé tryggð viðbótarhjálpi við hina almennu slysa- og eftirlaunatryggingu. Virðist óeðlilegt, að bajarstjórn taki á sig ákveðnar skuldbindingar um skaðabótagreiðslur úr bajarsjóði ekki síst þar sem enginn varasjóður er fyrir handi í því skyni. Tilboð þau frá Tryggingarstofnun ríkisins um aukatryggingu, sem fyrir liggja, virðast hagstæð, og því rétt að taka þeim með viðsum skilyrðum:

a) Að takmörkun sú á bótaskyldunni, sem 3. gr., liður a, í reglugerð um frjálsar slysatryggingar gerir ráð fyrir, og um var rætt hér að framan, gildi ekki um aukatryggingu slökkviliðs og lögreglu.

b) Að öll slys, er hljótast kunna af sefingum, hverju nafni sem nefnist, og liðunum er skilt að iðka til að auka starfshæfni sína, skuli vera bótaskylð á sama hátt og slys, er hljótast af starfi. Greiðist fyrir það viðbótariðgjald samkvæmt tilboði Tryggingarstofnunarinnar frá 19. þ.m.

3. Samkomulagsatriði.

Um eftirfarandi atriði þarf að verða samkomulag á milli bajarins og Tryggingarstofnunar ríkisins:

a) Að Tryggingarstofnunin greiði framvegis dagpeninga til bæjarins vegna starfsmanna, er fjarverandi eru frá störfum af völdum slysafara en halda launum sínum, á sama hátt og til manna, er fá ekki goldið kaup. Lögumum um almennar slysatryggingar verður óeflað síðar breytt í það horf, eins og öll sanngirni meðlir með.

b) Að Tryggingarstofnunin endurgreiði þann kostnað (eftir samkomulegi), sem bærinn hefir orðið að bera vegna bóta-skyldra slysa starfsmanna sinna, og tryggingin hefir ekki bætt enn. Ær þar þá fyrst og fremst um að ruða dagpeninga-greiðslur og sjúkrakostnað vegna lögreglubjóna, sem og sérstakar slysabestur (örorkukostur til Geirs F. Sigurðssonar og Björns Vigfússonar).-- Hinn lagalegi réttur mun að sönnu fyrntur, en aftur á móti virðist alls ekki útileikað, að hagt sé að senja um endurgreiðslu einhvers hluta að minnsta kosti, um leið og Tryggingarstofnunin fer aukin viðskipti við þeim.

4. Hagnýting slysatryggingarinnar og aukabestur.

Yfirstjórn bæjarmálanna þarf að gera ráðstafanir til, að vanreksla á tilkynningu um slysa slysatryggðra starfsmanna geti ekki átt sér stað og ríkt sé gangið eftir þeim bótum, er Tryggingarstofnuninni ber að inna af hendi. Þá byrfti og nauðsynlega að taka afstöðu til aukagreiðslna vegna slysa (kaupgreiðslur áður en Tryggingarstofnunin greiðir dagpeninga, lakiniskostnaður sem tryggingin greiðir ekki, valdi meiðslin vinnutjóni skemur en í 10 dega) og að sömu reglur gildi um þær hjá öllum stofnunum bæjarins. Mundi vel mega koma á föstum reglum í því efni. Áskilegt veri, að hver stofnun safnaði hjá sér skýralum um vinnuþarf fóll vegna slysa, og hvaða kostnaður hlýst af þeim.

Að hinn böginn mun erfitt að koma á föstum og ákveðnum

reglum um betur vegna örorku og dauðsfalla, er hljótast af slysum við almenna vinnu. Þarinn getur ekki farið út á þá braut að tryggja öllum þeim starfsmönnum aukahjálpi, fram yfir það sem slysatryggingin veitir til fastra manna og daglaunamanna, og eftirlaunatryggingin til fastra manna, enda minni hvöt til þess en fyrir lögreglu- og slökkvilið, eins og rök hafa verið leidd að.

Framfarsluskylda bajarins stendur allstaðar á bak við. Verður í hverju einstöku tilfelli að gera út um, hvort veita skuli aukahjálpi, slysabstur, sem telst þá ekki framfarslustyrkur. Það er ekki einasta mannúðaratriði heldur getur það oft verið hreint fjárhagslegt hagsmunamál fyrir þeinn, að veita slika aukahjálpi, þegar svo stendur á, ef hann parmeð ef til vill getur losað sig við yfirvofandi framfarslu-áhættu. Hitt er annað mál, sem hér er ekki til umræðu, hvort hin almenna slysa-trygging er ekki ófullmögjandi í sinni núverandi mynd.

5. Tillögur.

Samkvæmt framanrituðu leyfi ég mér að gera að tillögu minni, að keypt sé auka-slysatrygging til handa lögreglu- og slökkviliði bajarins, er nemi 14 búa- kr. (fullum) örorkubótum og 6 búa- kr. dánarbótum hjá Tryggingarstofnun ríkisins, með þeim kjörum og skilmálum er tilgreindir eru í tilboðum hennar frá 23. des. f.á. og 6. febr. b.á. ásamt öðrum meðfylgjandi skýringum.

Um leið og tryggingin kemist á er nauðsynlegt, að lögreglu- og slökkviliðsmánnunum skiljist, að þeir eigi ekki frekari bótakrūfur á þeinn vegna slysa.

Reyra þar undir kröfur um betur fyrir þuni, t.d. vasa- (og armbands) úr, sjálfbólekunga og annað verðmsti, er starfsmenn kunnu að hafa meðferðis. Sílikar kröfur geta farið algjörlega

út í öfgar, og bajarráði eða bajarstjórn er naumast samboðið að sitja við afgreiðslu súkra smámunu hvað eftir annað.

Ég legg það undir álit háttvirts bajarráðs hvort það vill láta bajarsjóð bera allan kostnað af tryggingunni, eða gefa starfsmönnunum kost á henni með því skilyrði, að þeir greiði nokkurn hluta iðgjaldanna - t.d. 25% - og félög þeirra taki þá að sér að sjá um skilvísu þess hluta iðgjaldsins.

Tvennt virðist mala með súkri páttóku starfsmannanna.

- a) Þeir fengju með því takiferi til að sýna áhuga sinn fyrir málefnum í verki, án verulegra fjárútláta eða fórna.
- b) Aðrir starfsmenn eru að hafa minni hvöt til að bera fram kröfur af sama tagi, ef öllum mönnum er ekki ljóst að lögreglu- og slökkvilið hafa sérstöðu í þessu efni.

A móti páttókunni melir aftur, að með henni þykir starfsmönnum ef til vill hlunnindin við aukatrygginguna svo mikilö skert, að hún nær ekki tilgangi sínum að því leyti.

I þessu sambandi er rétt að minna á það, að aðstaða allra þessara manna er ekki sú sama. Slökkviliðsmenn, aðrir en þeir, eru skipa varöliði, eru ekki fastir starfsmenn bajarins, og njóta því ekki eftirlauna-réttar. Slysabeturnar til handa þeim, eru því í sjálfu sér minna virði en til fóstu slökkviliðsmannanna. Veri ef til vill rétt að taka tillit til þess, ef til greina kemmi að binda trygginguna páttókuskilyrðinu.

Ákvæði eftirlaunareglugerðar bajarins um eftirlaun vegna alysa, eru einhver þau sýnilegustu af því tagi, sem hugt er að hugsa sér. Þar er gert ráð fyrir (18. gr.) að verði starfsmaður ófar til starfs síns vegna alyss í starfinu, skuli hann fá full eftirlaun, án tillits til þess, eftir því sem skilið verður, hver starfserka hans er á öðrum svíðum. Engin tryggingarstofnun mundi telja sér fart að veita súkar órorkuburstur

með vanalegum skilmálum, og ber fóstum starfsmönnum Reykjavíkur-
bæjar vissulega að líta á þau hlunnindí og meta þau að verö-
leikum.

Reykjavík, 20. febrúar 1940.

Bjarni Þorláksson